

Nd.

707. Nefndarálit

[195. mál]

um frv. til laga um breyt. á lögum um kúsilgúrverksmiðju við Mývatn, nr. 22 21. maí 1964.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Í frumvarpi þessu er farið fram á heimildir til handa ríkisstjórninni til samninga við útlendinga um ýmis atriði, er varða væntanlega kúsilgúrverksmiðju við Mývatn.

Við meðferð málsins í fjárhagsnefnd óskuðum við undirritaðir þess, að gefin yrði ótvíræð yfirlýsing um, að framkvæmd laganna yrði þannig, að félögin, sem um ræðir í frv., skyldu í einu og öllu lúta íslenskri löggjöf og íslensku dómssvaldi, og ef til þess kæmi að ágreiningsmálum yrði skotið til úrskurðar gerðardóms, skyldi Hæstiréttur skipa oddamann í dóminn. Fulltrúar stjórnarflokkanna í nefndinni og iðnaðarmálaráðherra vildu ekki fallast á að gefa slíka yfirlýsingu.

Með skírskotun til þess, er að framan greinir, er það tillaga okkar, að frumvarpið verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að deildin telur, að frumvarp að samningi, er gerður kann að verða við hið erlenda fyrirtæki, eigi að leggjast fyrir Alþingi til ákvörðunar, telur deildin ekki ástæðu til að gefa þær heimildir, er í frumvarpinu felast, og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 3. maí 1966.

Skúli Guðmundsson,
frsm.

Kristján Thorlacius.